


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>Þjóðfræði (ÍSLE3PH05) Námsáætlun vor 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

<b>Kennari</b>	Rannveig Karlsdóttir	<b>Sk.st.</b>	RAN
----------------	----------------------	---------------	-----


**Áfangalýsing:** Í þessum áfanga verður farið í grunnþætti þjóðfræða. Greinin er kynnt og farið yfir hvað einkennir hana og hver eru þau lykilhugtök sem tengjast efninu um leið og ólíkir þættir menningarinnar eru kynntir (t.d. sögur, hátíðir, leikir, dansar, hlutir, hópar, texti, hegðun, munnleg geymd, ólíkar tegundir flutnings). Íslenskir þjóðhættir eru skoðaðir. Lesnar þjóðsögur og farið yfir kenningar þjóðsagnafræða.

Hversdagsmenning nútíðar og fortíðar er skoðuð og áhrif hennar á tungumál og lífshætti. Rýnt er í nútímann með augum þjóðlífsfræða og metið hvernig hægt er að nota ólíka miðla og texta til að koma merkingu á framfæri á ólíka vegu. Farið yfir aðferðafræði og siðferðileg álitafni við söfnun þjóðfræðiefnis. Í vinnu og verkefnum áfangans reynir á kunnáttu í heimildavinnu, frumkvæði, sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og virðingu fyrir skoðunum annarra.

### **Markmið:**

#### **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- lykilhugtökum og grunnþáttum þjóðfræða
- munnlegri geymd
- mismunandi tegundum texta, ólíkri miðlun þeirra, áhrifum og túlkun
- áhrifum hversdagsmenningar m.a. á lífnaðarhætti og tungutak
- íslenskri menningu, úr hverju hún sprettur og tengslum hennar við útlönd
- þjóðsagnafræðum
- hugmyndafræði og viðhorfum fólks á ólíkum tímum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- orðaforða sem þarf til að lesa ólíkar heimildir

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Þjóðfræði (ÍSLE3PH05)</b> <b>Námsáætlun vor 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa og greina ýmis konar texta frá ólíkum tímum og á ólíku formi sér til gagns og geta fjallað um inntak þeirra í ræðu og riti
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja og geta nýtt helstu kenningar og hugtök í þjóðfræði
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- vinna verkefni af ýmsu tagi og nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**


- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum skírskotunum, duldem boðskap og hugmyndum
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

**Námsgögn:** *Þjóðfræði hvað? Kennsluefni fyrir framhaldsskóla* eftir Þórunni

Kjartansdóttur (tilraunanámsefni, aðgengilegt á netinu).

*Handbók um ritun og frágang* eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal, 10. útg. frá 2010 eða síðar.

Námsefni frá kennara á Moodle vef námskeiðsins.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Þjóðfræði (ÍSLE3PH05) Námsáætlun vor 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		


## Áætlun um yfirferð:

**1. lota: 6. janúar – 3. febrúar:** Kynning á faginu, viðfangsefnum þess og söfnunaraðferðum. Farið er yfir hvað telst vera þjóðfræði, hvernig þjóðfræði er skilgreind og hvað telst vera þjóðfræðiefni. Hvar finnst það efni, hvernig er því safnað og hvernig er það rannsakað? Kynntar eru aðferðir við söfnun og farið yfir siðferðileg álitamál tengd slíkri heimildaöflun. Tæpt er á viðtalstækni, tækni við að rannsaka hópa og hvernig þjóðfræði birtist í daglegu lífi. Nemendur æfðir í söfnun ýmiss konar þjóðfræðiefnis.

**2. lota: 6. febrúar – 10. mars:** Helstu hugtök þjóðfræðinnar kynnt. Hversdags- og alþýðumenning, hópar og þjóðir, farið er yfir hvað teljast vera hefðir, hver er tilgangur þeirra, virkni og tenging við fortíðina. Skoðað verður hvernig hópar verða til og eru skilgreindir, hvernig fólk skilgreinir sig út frá því sem einkennir sinn hóp (húðflúr, tungumál, klæðnaður o.fl.) og rýnt í skiptinguna við og hinir. Í þessum hluta verður unnið að undirbúningi og flutningi fyrirlesturs/kynningar. Lotunni lýkur með prófi.

**3. lota: 13. mars – 31. mars:** Efnismenning kynnt og farið yfir áhrif hennar á hópa og einstaklinga. Skoðað verður hvernig líkami, fatnaður og heimili geta verið sjálfstæðir, merkingarbærir textar í ímyndarsköpun. Unnin verkefni um skráningu þjóðfræðiefnis. Undirbúningur fyrir ritgerðaskrif hefst.

**4. lota: 3. apríl – 5. maí:** Þjóðsögur, ævintýri, sagnir, flökkusögur, brandarar, kjaftasögur. Farið yfir einkenni ólíkra frásagna og frásagnaraðferða og skoðað hvað einkennir hverja um sig. Rýnt í gamlar og nýjar þjóðsögur í ýmsum útgáfum. Unnin verða verkefni um þjóðsögur og látið reyna á söfnun nútímaþjóðsagna eða annarra frásagna. Í þessari lotu verður síðara próf annarinnar og skil á ritgerð. Þjóðfræðidæmi og verkefni sem unnin eru fyrir vinnubók skiptast á allar loturnar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	<b>Þjóðfræði (ÍSLE3PH05)</b> <b>Námsáætlun vor 2017</b>	


### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Viðtalstækni Viðtal	Verkefni unnin í tengslum við viðtöl og undirbúning þeirra.		15%
Fyrirlestur/kynning	Munnleg kynning á völdu efni (hópverkefni).		10%
Ritun	Ritgerð (eða annars konar kynning) á völdu efni.		20%
Vinnubók	Ýmis verkefni.		25%
Próf	2 próf verða á önninni og gildir hvort um sig 10%		20%
Dæmi	Þjóðfræðidæmi sem skilað er á Moodle síðu áfangans (einstaklingsverkefni)		10%
	Samtals:		100%
Mikilvægt er að mæta vel í tíma og taka þátt í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Mælt er með að nemendur mæti með fartölvu í skólann sé þess nokkur kostur.			

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gilda ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 6.1.16  
  
 Undirritun kennara

  
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils